

Stykkishólmi 5. desember 2025

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Fuglaverndar um “Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála. 157. löggjafarþing 2025–2026. Þingskjal 363 — 265. mál.”

Fuglavernd fagnar því að færa eigi viðmið um tilkynningarskyldu vegna skógræktar úr 200 ha í 50 ha, enda er nýskógrækt framkvæmd sem getur haft umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif. Þetta á ekki síst við um neikvæð áhrif á þéttleika mófuglastofna¹ sem við berum alþjóðlega ábyrgð á², en mörgum þessara tegunda fækkar nú hratt hér á landi³.

Þá vill félagið jafnframt koma því á framfæri að við ákvörðun Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskyldu framkvæmda er nauðsynlegt að líta ekki einungis til umhverfisáhrifa sjálfrar framkvæmdarinnar, heldur einnig hvort önnur skógræktarsvæði séu í nágrenni fyrirhugaðs skógræktarsvæðis, til að koma í veg fyrir „bútasams-skógrækt“, þ.e. að framkvæmdaaðili stundi skógrækt á mörgum nærliggjandi svæðum (t.d. á sömu jörð) sem hvert um sig væri undir viðmiðum fyrir tilkynningarskyldu og umhverfismat.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar Fuglaverndar,
Menja von Schmalensee, formaður
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

¹ <https://besjournals.onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/1365-2664.14238>

² <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

³ <https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/00063657.2025.2450394#abstract>